

Íslendingar, það skal takast



David A. Carrillo



Stephen M. Duvernay



Brandon V. Stracener

sérfræðingar við California Constitution Center, lagadeild Berkeley-háskóla í Bandaríkjunum

Nú veitist Íslandi einstakt tækifæri til að endurskapa eigin stjórnarhætti. Þjóðin tók höndum saman við Alþingi og samdi endurskodaða stjórnarskrá með tilstuðlan Stjórnlagaráðs. Þjóðin samþykkti að leggja skyldi þau stjórnarskrárdrög til grundvallar og beindi til kjörinna fulltrúa einfaldri beiðni um að greiða atkvæði um þau, samþykkja umbæturnar eða hafna þeim. Síðan eru liðin yfir þrjú ár og Alþingi hefur ekkert gert. Hvað er framundan?

Í Bandaríkjunum trúum við því að stjórnin sé stjórn þjóðarinnar, á vegum þjóðarinnar, fyrir þjóðina.

Það er grundvallaratriði í fulltrúalýðveldi að þjóðin feli stjórninni völd og að þeim sé beitt í þágu þjóðarinnar. Í þessu viðhorfi felst að þjóðin eigi rétt á að breyta eða bæta stjórnina þegar stjórnin hættir að þjóna tilgangi sínum.

Það er kjarninn í fullveldi þjóðar. Þjóðin sköp stjórnina, stjórnin starfar í þágu þjóðar, og þjóðin hefur vald til að endurskapa hana. Reyndar er skýrt ákvæði í stjórnarskrá Kaliforníu, þar sem þessi réttur þjóðarinnar er áskilinn, og þar er skilgreint verkferli til endurbóta á sitjandi stjórn.

Endurskoðun stjórnarskrár eins og mælt er fyrir um hana er fyrsta úrræðið sem má beita við óheilbrigðri stjórn. Þetta hefur íslenska þjóðin reynt án árangurs. Þar með er ekki öllu lokið. Næsta úrræði er að reyna áfram að knýja fram endurbætur og beita þá öllum hefð-

bundnum ráðum og ferlum sem felast í lýðræði. Tjáið ykkur, birtíð skrif ykkar, komið saman og krefjist aðgerða af hálfu þingmanna. Þeir eru í þjónustu ykkar, gefið þeim fyrir-mæli. Takið eftir því hverjir leggja gegn endurbótum og útilokið þá við næstu kosningar. Þjóðin ykkur fram gegn þeim. Missið ekki möðinn, sagan hefur sýnt fram á varanleika lýðræðislegra stofnana undir stjórn þjóðarinnar. Vilji þjóðin frelsi getur hún öðlast það.

Þingmenn hlusti á kjósendur

Sagan birtir okkur annan veruleika varðandi stjórnir sem vilja koma í veg fyrir að þjóðin nái markmiði sínu. Íslenskum þingmönnum væri best að hlusta vel eftir því sem kjósendur segja. Þegar framkvæmd lýðræðisins hrynur og ríkisstjórn brýtur trúnað við borgarana og vinnur að því að sitja sem lengst, en hunsar hagsmuni þjóðarinnar er aðeins eitt úrræði eftir: uppreisn þjóðarinnar.

Þessi lærdómur hefur Bandaríkjamönnum verið dýrkeyptur, þar fer þjóð sem hefur tvívegis endurfæðst eftir byltingu. Sjálfstæðisýfirlýsingin er stefnuyfirlýsing byltingarsinna: þegar stjórnvöld reynast skaðleg



Á Íslandi er aðeins um tvo kosti að velja: annaðhvort þarf að bæta stjórnarhætti eftir löglegum leiðum, eða viljum taka skýrt fram að við erum ekki fylgjandi því að valdi sé beitt.

því takmarki sem felst í „lifi, frelsi og hamingjuleit“ er það réttur þjóðarinnar að „koma á nýrri stjórn“. Forseti vor, Abraham Lincoln, talaði tæpitungulaust þegar stjórnarskrárkreppa blasti við: „Þegar [þjóðin] þreytist á sitjandi ríkisstjórn getur hún beitt stjórnarskrárbundnum rétti sínum til að breyta henni, eða rétti sínum til byltingar með því að leysa hana upp eða steypa henni.“ Stofnun Bandaríkjanna og borgarastyrjöldin eru til marks um að borgurum beri að axla ábyrgð á að stýra

stjórn sinni og endurreisa fallnar stofnanir lýðræðisins.

Á Íslandi er aðeins um tvo kosti að velja: annaðhvort þarf að bæta stjórnarhætti eftir löglegum leiðum, eða eftir öðrum leiðum. Við viljum taka skýrt fram að við erum ekki fylgjandi því að valdi sé beitt. Saga Bandaríkjanna einkennist af því að vopnin hafa verið látin tala, og það hefur ekki alltaf gefið góða raun. Hér eru dæmin frá Bandaríkjunum fremur víti til varnaðar en æskileg fyrirmynd. Það liggur ljóst fyrir að íslenska þjóðin á aðeins þriggja kosta vól. (Við litum ekki á uppgjöf sem valkost.) Nú er komið á daginn að fyrsta ráðið (stjórnarskrárbætur af hálfu þjóðarinnar) hefur reynst gagnslaust. Síðasta úrræðið, bylting, er örþrifaræð. Þess vegna væri best að beita öðru ráðinu með áþengum hætti. Kjósið ekki aftur þá stjórnarliða sem hafna samvinnu. Þjóðið ykkur fram gegn þeim. Skiptið þeim út fyrir fulltrúa sem skilja að stjórnin þiggur vald sitt frá þjóðinni. Sagt er að hver þjóð kjósi sér þá stjórn sem hún á skilið. Vilji menn góða stjórn á Íslandi verða þeir að vinna fyrir henni.

Ólaf Pétursdóttir Þýddi